



Hvert viljum við stefna?

**Mótun nýrrar stefnu um upplýsingasamfélagið
2008-2011**

**Ísland í fallsæti?
Hádegisfundur Ský
4. mars 2008**

Guðfinna S. Bjarnadóttir



Íslenskar stefnur um upplýsingasamfélagið og framkvæmd þeirra

1996-2003 Framtíðarsýn ríkisstjórnar Íslands um
upplýsingasamfélagið

– *aðgengi að upplýsingum*

2004-2007 Auðlindir í allra þágu

– *rafræn þjónusta*

2008-2011 „Þriðja stefnan“ - í undirbúningsfasa

- *gagnvirkni*




Styrkleikar Íslands í upplýsingatækni

- Hæst hlutfall nettengdra heimila í Evrópu er á Íslandi eða 83%.
- Notkun á Interneti í löndum Evrópu er algengust meðal Íslendinga eða 88%.
- Ísland er í hópi þeirra landa í Evrópu þar sem hlutfall þeirra sem kunna lítið eða ekkert á tölvur er lægst.
- Hlutfall einstaklinga sem nota Internet til samskipta við opinbera aðila er hæst hér á landi af Evrópulöndunum eða 61%.
- Ríflega fjórðungur íslenskra fyrirtækja er með vef og er það með því hæsta í Evrópu.
- Notkun hraðvirkra Internettenginga hjá fyrirtækjum í Evrópu er algengust meðal íslenskra fyrirtækja eða 96%.
- Í Evrópu er algengast að fyrirtæki á Íslandi og í Finnlandi hafi átt í samskiptum við opinbera aðila um Internetið eða 93-95% fyrirtækja.
- Árið 2005 voru íslensk fyrirtæki fyrir ofan meðaltal Evrópuríkja í kaupum og sölu á vörum og þjónustu á Interneti.

Heimild: Hagtíðindi: Ísland í evrópsku upplýsingasamfélagi 2006




Hvað er spurnið í opinbera vefi 2007?



Heimild: <http://www.ut.is>



Fjöldi eyðublaða



Heimild: <http://www.ut.is>



Stutt samantekt um stöðuna!

- Met í Internetaðgangi 😊
- Met í tölvulæsi 😊
- Met í að taka upp nýja tækni 😊
- Rafræn þjónusta er notuð 😊
 - Almennar kröfur í samfélaginu um að geta fundið upplýsingar á vef og að sjálfsafgreiðsla sé í boði (sbr. flugmiðabókanir, leikhúsbókanir, heimabanka o. fl.)
- Opinberir aðilar hafa dregist aftur úr í rafrænni þjónustu 😞

=>Nýtum styrkleikana: **Tækifæri fyrir opinbera aðila að bæta þjónustu sína til hagræðingar fyrir alla**



Ákvörðun ríkisstjórnar 7. september 2007

- Mótuð verði ný stefna um upplýsingasamfélagið fyrir árin 2008-2011 sem endurspegli nýjar áherslur ríkisstjórnarinnar og byggi m.a. á stefnuyfirlýsingu hennar og pólitískum áherslum stjórnarflokkanna.
- Skipuð verði stefnumótunarnefnd með 2 fulltrúum frá hvorum stjórnarflokki auk fulltrúa forsætisráðuneytis.
- Nefndin skili af sér stefnu og framkvæmdaáætlun þar sem verkefnum er forgangsraðað og sett mælanleg markmið þar sem við á.
- Framkvæmdaáætlunin verði nýtt sem verkfæri í skipulagningu og fjárlagagerð.



Skipan stefnumótunarnefndar

- Guðbjörg Sigurðardóttir
- Guðfinna S. Bjarnadóttir
- Hreinn Hreinsson
- Lára Stefánsdóttir
- Þórður Heiðar Þórarinsson

Með nefndinni starfar Halla Björg Baldursdóttir og starfsmaður nefndarinnar er Ingibjörg Guðlaug Jónsdóttir.



Skipulag vinnunnar

- **Stefnumótunarnefnd**
 - **Stefnumótunarleiðir**
 - **Greining, upplýsingaöflun og samanburður við aðra**
- **Kjarnahópur** skipaður öllum ráðuneytisstjórum
- **Ráðgjafahópur** skipaður fulltrúum ráðuneyta og hagsmunaaðila

Ferlið:

- **Mótaður stefnurammi (áhersluatriði og afmörkun) -**
- Ráðuneytin og hagsmunaaðilar gera tillögur um útfærslu (markmið á viðkomandi málefnasviði eða almenn markmið)
- Síðan mótuð framkvæmdaáætlun, með skilgreindum verkefnum, sem endurskoðuð verður árlega.
- **Opið samráð**



Hverju vill stefnumótunarnefnd ná fram?


- Skýrri og metnaðarfullri framtíðarsýn (leiðarljós):

Íslendingar verði fremstir þjóða á sviði rafrænnar þjónustu og í nýtingu upplýsingatækni

- Stuttri og hnitmiðaðri stefnu
- Stefnu sem útfærir stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnar
... og inniheldur mælanleg og tímasett markmið
- Framkvæmdaáætlun sem verður endurskoðuð árlega.




Stefnumótunarferlið





Tilurð stefnuramma

- Vinnufundur á Selfossi 9. janúar 2008
- Vinnuhópar (fjórir hópar)
 - Afurð: Fimm áherslupættir (frá hverjum hópi)
- **Stefnurammi útbúinn út frá áherslupáttunum, stefnu ríkisstjórnarinnar og ráðherryfirlýsingunni í Lissabon.**
- **Flokkun markmiða:**
 - Þjónusta – út á við
 - Skilvirkni – inn á við
 - Framþróun – fram á við



Íslendingar verði fremst þjóða þegar litið er til lífskjara og samkeppnisstöðu atvinnulífsins. Lykilatriði til að svo geti orðið er að nýta upplýsingatæknina til að bæta þjónustu, auka skilvirkni og einfalda og nútímavæða stjórnarsýsluna.

Leiðarljós: Vera fremst þjóða í rafrænni þjónustu og nýtingu upplýsingatækni

A. Þjónusta

1. Öll þjónusta opinberra aðila við almenning og fyrirtæki verði aðgengileg á einum stað (Mínar síður á Ísland.is)
2. Öll eyðublöð verði gagnvirk og stofnanir og ráðuneyti komi sér upp rafrænni málsmeðferð þar sem það á við
3. Auka framboð á hvers kyns rafrænni þjónustu og skilgreina hana út frá þörfum viðskiptavina (CRM). Utrýma biðröðum
4. Minnka skriffinnsku (t.d. einfalda lög og reglugerðir)
5. Huga að aðgengi og þörfum allra, svo sem fatlaðra, innflytjenda, þeirra sem búa í dreifbýli, erlendra viðskiptaaðila, eldri borgara og yngstu borgaranna. Huga t.d. að léttlesnu efni
6. Þjóða upp á valkosti í búnaði við að nálgast opinbera þjónustu
7. Efla möguleika til fjarnáms
8. Efla lýðræði og samráð (stefnumótun, ákvarðanataka, kosningar)

B. Skilvirkni

1. Auka sjálfvirkni innri kerfa, einfalda ferla og bæta gæði
2. Auka samvinnu milli stofnana um aðferðafræði, aðföng og lausnir (stöðlun og samræming). Endurnýta upplýsingar (hætta að margskrá og endurskrá)
3. Auka samstarf við atvinnulíf og hagsmunaaðila, auka sérstaklega samstarf menntastofnana við þessa aðila
4. Nýta nýjustu tækni til samskipta milli opinberra aðila (annað en tölvupóst)
5. Huga að öryggi ríkiskerfa, bæði inn á við og út á við og milli kerfa. Tryggja öryggi fjarskiptainniða í dreifbýli, þéttbýli og til og frá landinu
6. Tryggja öryggi einstaklinga í rafrænni þjónustu, m.a. með öruggri rafrænni auðkenningu
7. Gögn ferðist milli stofnana, ekki fólk

C. Framþróun

1. Efla rannsóknir, þróun og nýsköpun í UT
2. Auka útvistun, m.a. til að byggja upp þekkingu í UT-iðnaði
3. Stuðla að aukinni nýliðun í UT og auka fjölbreytileika UT-menntunar
4. Efla notkun opinberra starfsmanna á UT
5. Efla notkun UT við nám og kennslu
6. Nýta UT til að draga úr orkuneyslu og mengun
7. Efla möguleika til fjarvinnu
8. Læra af því sem betur er gert í stjórnarsýslu annarra landa, t.d. með því að taka þátt í erlendum verkefnum og annarri samvinnu
9. Vera í fremstu röð þjóða með hagkvæma, örugga, aðgengilega og framsækna fjarskiptaþjónustu
10. Vera skrefinu á undan. Vera efst í könnunum.



Hvað þarf til að árangur náist í stefnumótun og innleiðingu?

- Opið samráð – sjá spjall á www.island.is
 - Góða samvinnu við hagsmunaaðila og ráðuneyti/stofnanir sem eiga að framkvæma stefnuna
 - Aðkomu æðstu stjórnenda að stefnumótunarvinnunni og eftirfylgni þeirra með framkæmdinni.
-
- Hvet fundarmenn til að koma tillögum og ábendingum á framfæri www.island.is